

STJÓRNARTÍÐINDI B 81 – 2000

24. júlí 2000

1325

Nr. 556

SAMÞYKKT

um sorphirðu í Djúpárhreppi.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Sveitarfélagið Djúpárhreppur annast sorphirðu í sveitarfélaginu. Heilbrigðisnefnd Suðurlands, í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur eftirlit með sorphirðunni og að farið sé að samþykkt þessari. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd sorphirðu. Þeir aðilar sem sjá um sorphirðu skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Um meðhöndlun úrgangs fer að öðru leyti í samræmi við reglugerð nr. 805/1999 um úrgang.

2. gr.

Sorphirða skal framkvæmd undir yfirstjórn fulltrúa sveitarfélagsins og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast sorphirðu á hverjum tíma. Einnig ber hann ábyrgð á móttöku spilliefna og meðferð úrgangs til vinnslu, t.d. lífræns úrgangs, landbúnaðarplasts og brotamálma.

3. gr.

Sérhverjum húsráðanda er skylt að nota þau sorphlát sem sveitarstjórn ákveður. Sorphgeymslur og söfnunarstöðvar (gámasvæði) skulu vera aðgengileg. Gámar skulu staðsettir á aðgengilegum stöðum. Lífrænum úrgangi, brotamálmum og öðrum endurvinnanlegum úrgangi má ekki blanda við annan úrgang og skal skilað í móttökustöð sveitarfélagsins. Íbúar, fyrirtæki og stofnanir skulu eftir því sem kostur er á flokka úrgang og skila honum eins og aðstaða er til í sveitarfélaginu eða á vegum hlutaðeigandi byggðasamlags. Sveitarfélagið mun, með markvissri stefnu, stuðla að og hvetja til minnkunar úrgangs og að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum neikvæðum breytingum á umhverfi. Jafnframt skal stuðla að hvers konar endurnotkun, endurnýtingu, endurvinnslu og orkuvinnslu úr úrgangi með skipulögðum hætti þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma án óhóflegrar mengunar.

4. gr.

Sveitarstjórn ákveður tíðni sorphreinsunar í samráði við framkvæmdaaðila sorphirðu. Ákvörðun um skipulag, flokkun, staðsetningu og tíðni hreinsunar á söfnunarstöðum skal tilkynnt íbúum og fyrirtækjum sveitarfélagsins með skriflegum hætti og skal fara að ákvæðum reglugerðar um úrgang nr. 805/1999.

5. gr.

Öll förgun úrgangs er starfsleyfisskyld í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Þannig er óheimilt að brenna úrgangi eða urða nema á stöðum með tilskilin starfsleyfi.

II. Sorphirðugjöld.

6. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar til að standa undir kostnaði við sorphirðu. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda.

Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

7. gr.

Sveitarstjórn flokkar gjaldendur skv. gjaldskránni, eftir umfangi þjónustu og magni úrgangs, sem frá starfsemi stafar.

III. Ýmis ákvæði.

8. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal koma henni á framfæri við fulltrúa sveitarfélagsins eða heilbrigðisnefnd Suðurlands.

9. gr.

Með brot á þessari samþykkt skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

10. gr.

Ofangreind samþykkt Djúparhrepps staðfestist hér með samkvæmt birtingu ákvæða 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 24. júlí 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Hermann Sveinbjörnsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjafa- og styrktarsjóð Jónínu S. Gísladóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Gjafa- og styrktarsjóður Jónínu S. Gísladóttur. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Sjóðurinn er stofnaður af Jónínu S. Gísladóttur, kt. 081221-2199, Miðleiti 5, Reykjavík, í júní 2000.

2. gr.

Meginhlutverk sjóðsins er að efla hjartalækningar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Stuðningur sjóðsins verður á fjórum sviðum:

1. Að stuðla að uppbyggingu og skipulagsbreytingum sem leiða til bættrar þjónustu við hjartasjúklinga.
2. Að styrkja stærri tækjakaup og hlú þannig að því markmiði að tækjakostur spítalans svari ætíð kröfum tímans.